

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2025

2025/EES/46/11

frá 8. maí 2025

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/105 frá 22. janúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB að því er varðar uppfærslu samhæfðra tækniskilyrða um notkun fjarskiptatíðnirófsins fyrir skammdrægan búnað og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2014/641/ESB um samræmd tækniskilyrði vegna notkunar fjarskiptatíðnirófsins fyrir þráðlausan hljóðbúnað til dagskrárgerðar og fyrir sérstaka viðburði í Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2025/105 fellir úr gildi, frá og með 1. júlí 2025, framkvæmdarákvörðun 2014/641/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. júlí 2025.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB):

“— **32025 D 0105:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/105 frá 22. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/105, 23.1.2025).“

2. Texti liðar 5czj (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/641/ESB) fellur brott frá og með 1. júlí 2025.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2025/105, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/105, 23.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/105/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 3.9.2014, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.